

Þá er ákærði dæmdur til að greiða allan kostnað sakarinnar.

**Dómsorð:**

Ákærði, Sigurbjörn Kristinn Haraldsson, greiði 3.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, en sæti 10 daga varðhaldi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Þriðjudaginn 9. nóvember 1982.

Nr. 52/1982.

**Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Marteini Kristjáni Einarssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson og Björn Sveinbjörnsson og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Klemenx Eggertsson, fulltrúi sýslumannsins í Austur-Skaftafellssýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærða, en einnig til þyngingar refsingar af hálfu ákærvalds.

Ágríp barst Hæstarétti 2. september 1982.

Af hendi ákærvalds er þess krafist, að ákærða verði dæmd refsing samkvæmt ákæruskjali 1. október 1980, þó svo, að fyrir Hæstarétti er felld niður úr því tilvitnun í 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978. Enn fremur hefur verið felld niður tilvitnun í 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Kemur því eigi til álita, hvort ákærði hafi gerst brotlegur við þessi lagaákvæði. Þá er þess

krafist, að ákærði verði sviptur ökuleyfi ævilangt frá afhendingardegi ökuskráteisins 14. nóvember 1979 að telja.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur farið fram dómsrannsókn í máli þessu. Lögregluþjónar þeir, sem stóðu að handtöku ákærða, hafa komið fyrir dóm. Tveir þeirra skýrðu frá því, að þeir hefðu séð ákærða aka bifreiðinni Z 1125 og leggja henni við hús við Kirkjubraut. Hefðu þeir haft tal af honum, er hann var stiginn út úr bifreiðinni, og segja þeir, að hann hafi verið rauðeygður og drafandi í málrómi. Fullyrðir annar þeirra, að hann hafi verið eitthvað undir áhrifum áfengis. Þriðji lögregluþjónninn, sem stóð að handtökunni, kvaðst ekki muna, hvort hann sá ákærða aka bifreiðinni, en hann hefði verið að ganga frá henni, er þeir lögregluþjónarnir komu að honum. Hann hefði borið merki áfengisáhrifa, verið þvoglumæltur og augu hans fljótandi.

Ákærði kom fyrir dóm, og voru honum kynntir framburðir lögregluþjónanna. Hann kvaðst ekki rengja framburði þeirra út af fyrir sig, en kvaðst ekki geta fallist á, að áfengismagn í blóði sínu hefði verið eins mikið og mæling hefði sýnt. Þá lýsti hann yfir því, að hann hefði afhent sýslumanni ökuskráteini sitt í nóvember eða desember 1979 og væri því raunverulega búinn að vera sviptur ökuleyfi síðan.

Stúlka sú, er ákærði ók upp að Mánagarði og um getur í héraðsdómi, kom og fyrir dóm. Hún kvaðst minnst þess að hafa verið farþegi í rauðri Volkswagen bifreið að kvöldi 3. júní 1979. Ökumaðurinn hefði verið ungur, en hún treysti sér ekki til að segja, hvort hann hefði verið undir áhrifum áfengis eða ekki. Hún kvaðst ekki minnst þess að hafa gefið manni þessum áfengi, meðan á akstrinum stóð.

Að beiðni verjanda ákærða krafði rikissaksóknari sýslumann Austur-Skaftafellssýslu upplýsinga um eftirtalin atriði í sambandi við rannsókn máls þessa með bréfi 12. júlí 1982:

1. Hvort tekin hafi verið blóðsýni til alkóhólákvörðunar hjá fleiri aðilum en ákærða að tilhlutan lögreglunnar á Höfn í Hornafirði hinn 3. júní 1979 eða næstu daga á undan?

2. Hvort fleiri blóðsýni en það, sem tekið var hjá ákærða, hafi samtímis verið send Rannsóknastofu í lyfjafræði til ákvörðunar á alkóhóli í blóði?
3. Upplýsinga verði aflað um niðurstöðu annarra blóðsýna frá sama tíma, ef svör við fyrri spurningum eru jákvæð.“

Í svarbréfi sýslumanns, sem er dagsett 26. júlí 1982, segir svo:

- „1. Hinn 3. júní 1979 var að tilhlutan lögreglunnar í Austur-Skaftafellssýslu aðeins tekið eitt blóðsýni til alkóhólákvörðunar, og var sýnið tekið hjá ákærða og það merkt A—8'79. Næsta blóðsýni, sem tekið var á undan, var tekið 7. apríl 1979 og það merkt A—7'79. Niðurstaða alkóhólrannsóknar sýndi, að magn alkóhóls í blóðsýni A—7'79 var 1,71‰.
  2. Til skamms tíma sendi lögreglan í A-Skaftafellssýslu öll blóðsýni til alkóhólrannsóknar með flugmönnum í fyrsta áætlunarflugi frá Höfn til Reykjavíkur. Tók lögreglan í Reykjavík síðan við blóðsýnunum á Reykjavíkurflugvelli og kom þeim til Rannsóknastofu í lyfjafræði. Nú er hvert blóðsýni sent Rannsóknastofu í lyfjafræði í lokuðu umslagi í almennum pósti sama dag og sýnið er tekið, ef sá dagur er virkur dagur og áætlunarflug er, annars fyrsta virkan dag þar á eftir. Að sögn lögreglunnar í A-Skaftafellssýslu var fyrri aðferðin við sendingu blóðsýnanna aflögð einhverntíman á árinu 1979, og kveðst lögreglan ekki geta fullyrt um, hvor aðferðin hafi verið viðhöfð við blóðsýni það, er tekið var hjá ákærða hinn 3. júní 1979. Næsta blóðsýni, sem tekið var á eftir blóðsýni því, er tekið var hjá ákærða í greint sinn, var tekið 10. júní 1979 og það merkt A—9'79. Niðurstaða alkóhólrannsóknna sýndi, að magn alkóhóls í blóðsýninu var 2,52‰. Útilokað er, að þessi blóðsýni hafi verið send samtímis til Rannsóknastofu í lyfjafræði.
  3. Visast til töluliða nr. 1 og 2.“
- Þá hefur sýslumaðurinn enn fremur tjáð ríkissaksóknara

í bréfi 9. september 1982, að hann hafi skráð í dagbók sína 14. nóvember 1979:

„Hef í dag móttekið frá Marteini Kr. Einarssyni ökuskírteini hans nr. 2035. Afhent vegna kæru í ölvunarakstursmáli. Skírteinið fylgir skjölum málsins. FG.“

Lagt hefur verið fyrir Hæstarétt vottorð læknis um, að blóðsýni það, sem tekið var úr ákærða, hafi verið merkt A—8'79, og í vottorði Rannsóknastofu í lyfjafræði segir, að í blóðsýni merktu A—8'79, sendu frá lögreglunni í Austur-Skaftafellssýslu, hafi magn alkóhóls í blóði verið 1.81‰.

Samkvæmt þeim gögnum, sem nú hafa verið rakin, telst sannað, að magn alkóhóls í blóði ákærða, er hann var handtekinn á Kirkjubraut hinn 3. júní 1979, hafi verið 1.81‰. Með þessari niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar og áðurgreindum framburðum lögreglumanna, sem ákærði hefur ekki vefengt, að séu réttir, er sannað, að ákærði hafi með akstri sínum um götur í Hafnarkauptúni að kvöldi hins 3. júní 1979 gerst brotlegur við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Brot ákærða er ítrekað, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 daga varðhald. Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta hann ökuleyfi ævilangt frá 14. nóvember 1979 að telja, eins og krafist er af hálfu ákæruvalds.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar er staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði, Marteinn Kristján Einarsson, sæti 15 daga varðhaldi.

Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 14. nóvember 1979 að telja.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### **Dómur sakadóms Austur-Skaftafellssýslu 28. september 1981.**

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af ríkissaksóknara með ákæru, dags. 1. október 1980, á hendur Marteini Kristjáni Einarssyni sjómanni, Silfurbraut 6 á Höfn í Hornafirði, fæddum 31. október 1952 á Akureyri, „fyrir að aka sunnudagskvöldið 3. júní 1979 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Z 1125 um götur Hafnarkauptúns og neyta áfengis við aksturinn, uns lögreglumenn stöðvuðu aksturinn á Kirkjubraut við hús nr. 16.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir helstir:

Sunnudaginn 3. júní 1979, kl. 2118, voru lögreglumenn í Austur-Skaftafellssýslu á eftirlitsferð á Kirkjubraut. Er þeir voru staddir við hús nr. 16, veittu þeir athygli rauðri Volkswagen bifreið, er bar skrásetningarnúmerið Z 1125, en við húsið var maður, sem lögreglumennirnir þekktu sem Martein Kristján Einarsson, er reyndist vera ákærði í máli þessu. Fundu lögreglumennirnir áfengisþef frá vitum ákærða, og var hann látinn blása í öndunarsýni, sem sýndi 3ja stig. Ákærði hafði skömmu áður verið stöðvaður á Bogaslóð, en þá fannst enginn áfengisþefur frá vitum hans.

Í lögregluskýrslu segir, að ákærði hafi neitað að hafa bragðað áfengi.

Enn fremur segir í lögregluskýrslu, að ákærði hafi verið lítills háttar drafandi í málrómi, rauðeygður og voteygður.

Ákærði var síðan færður til töku blóðsýnis, sem Gissur Gottskálksson læknir framkvæmdi. Niðurstaða alkóhólrannsóknar sýndi, að magn alkóhóls í blóði ákærða var 1.81‰.

Varðstjóráskýrsla var eigi tekin af ákærða.

Ákærði kom fyrir dóm þann 26. ágúst 1980 og skýrði svo frá, að hann hefði verið að aka um bæinn, þegar stúlka bað hann að flytja sig upp í Mánagarð. Hjá stúlkunni hafi hann drukkið nokkra sopa af vínblöndu, en síðan ekið til baka og þá verið stöðvaður af lögreglu.

Niðurstöður.

Með framburði ákærða hér fyrir dómi, niðurstöðu alkóhólrannsóknar svo og öðrum gögnum málsins telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot það, er honum er gefið að sök í ákæru og þar réttilega heimfært til refsíákvæða.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- 1969 14/2 á Akranesi: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1969 11/11 á Akranesi: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1969 4/12 á Akranesi: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 7. gr., sbr. 36. gr. áfengislaga.
- 1969 á Akranesi: Uppvís að brotum á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 30/12 1969.
- 1970 15/3 í Vestmannaeyjum: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1970 18/6 á Akranesi: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1971 4/5 á Akranesi: Dómur: 10 daga varðhald og sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 21/9 1970 fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga.
- 1971 14/9 á Akranesi: Dómur: 6 mánaða skilorðsbundið varðhald í 2 ár frá 14/9 1971 fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1971 2/10 á Akranesi: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1972 5/6 á Akranesi: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1974 30/10 á Akranesi: Dómur: 8 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár frá 30/10 1974, fyrir brot gegn 244. gr. og 2. mgr. 257. gr. hegningarlaga og 21. gr. áfengislaga og 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.

- 1974 15/8 í Svendborg: Sátt, sekt 200 danskar kr. fyrir brot á 276. gr. hegningarlaga (þjófnaður).
- 1975 30/9 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1977 7/7 á Akranesi: Dómur: 3 mánaða fangelsi, 18 daga gæsluvarðhald, fyrir brot gegn 248. og 261. gr. hegningarlaga, 244. gr. hegningarlaga, 21. gr. áfengislaga, 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga, 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. einnig 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974. Sviptur ökuleyfi í 18 mán. frá 13/6 1975.
- 1977 27/7 Reyndlulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 95 dögum.

Refsing ákærða telst eftir atvikum, hæfilega ákveðin 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Enn fremur er ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt frá sama degi. Loks er ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### Dómsorð:

Ákærði, Marteinn Kristján Einarsson, greiði kr. 3.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt frá sama degi (sic).

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.